

## **41. stjórnarfundur Vestfjarðastofu**

**Miðvikudagur 8. desember kl. 14:00**

**Mætt:** Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Kristján Jón Guðmundsson, Þórir Guðmundsson, Kristján G. Jóakimsson, Elísabet Gunnarsdóttir, Neil Shiran Þórisson, Aðalbjörg Óskarsdóttir. Iðá Marsibil Jónsdóttir boðaði forföll. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Óskarsson sviðsstjóri byggðamála og Sigríður Ó. Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundamenn velkomna og fór yfir boðun fundarins sem boðaður var í framhaldi af vinnufundi stjórnar og starfsmanna. Enginn gerði athugasemdir við boðun fundarins.

### **1. Umsögn stjórnar Vestfjarðastofu um fjárlagafrumvarp ársins 2022**

Aðalsteinn Óskarsson fór yfir drög að umsögn um frumvarp til fjárlaga ársins 2022 og yfirlit yfir athugasemdir eftir samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Til máls tóku Jóhanna Ösp, Þórir Guðmundsson, Elísabet Gunnarsdóttir og Kristján Jóakimsson.

*Sviðsstjóra falið að vinna áfram umsögn í samræmi við umræður á fundinum.*

### **2. Önnur mál**

Stjórn Vestfjarðastofu boðið að mæta á rafrænt útgáfuhóf Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fimmtudaginn 9. desember. *Framkvæmdastjóri sendir tengil á stjórnarmenn.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:30